



Alþingi – nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, 272. mál (Félagsdómur).**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um stéttarfélög og vinnudeilur, 272. mál. SA styðja að frumvarpið verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Athugasemdir sem borist hafa velferðarnefnd beinast fyrst og fremst að þeirri tilhögun að dómáram, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, komi úr röðum skipaðra dómara við Landsrétt eða héraðsdómstólanna. Verið sé að takmarka möguleika annarra, s.s. starfandi lögmanna, að fá skipun sem dómáram við Félagsdóm.

SA vilja í því sambandi leggja áherslu á að nefnd ráðherra, sem samdi drög að frumvarpinu, var skipuð aðilum vinnumarkaðarins, þ.e. þeim aðilum sem leggja ágreining fyrir Félagsdóm vegna túlkunar kjarasamninga og brota á vinnulöggjöfnni. Það var samhljóða niðurstaða nefndarmanna að leggja til að þeir þrír dómáram, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, komi úr röðum dómara sem þegar hafa fengið skipun sem dómáram við Landsrétt eða héraðsdómstólana. Nefndin ræddi aðra möguleika, s.s. hæfnisnefnd og skipun dómara í kjölfarið af ráðherra, en taldi þá leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir besta til að viðhalda trausti aðila vinnumarkaðarins til Félagsdóms.

Vegna möguleika lögmanna með sérþekkingu á vinnurétti að fá skipun í dómnn er rétt að benda á aðilar vinnumarkaðarins skipa tvo af fimm dómurum. Markmið þess fyrirkomulags er að í dómnnu sitji dómáram með sérþekkingu á kjarasamningum og vinnurétti og geti miðlað þeirri þekkingu til annarra dómara. Í framkvæmd sitja því alla jafna tveir lögmenn í dómnnu með mikla þekkingu á vinnurétti. Einnig verður að hafa í huga að lögmenn, sem sérhæfa sig í vinnurétti, starfa vel flestir annað hvort sem lögmenn stéttarfélaga eða atvinnurekenda og varhugavert er að fjölga dómurum sem kunna að vera vanhæfir við úrlausn mála.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Arnason, lögmaður,  
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs